

Sjúkvíaeldi laxfiska – Stefnumótunarhópurinn og hagsmunagæsla

Eftir Valdimar Inga Gunnarsson

Í skýrslu starfshóps forsætisráðherra frá 2018 um eflingu trausts á stjórnarmálum og stjórnsýslu er bent á að hagsmunavarsla getur leitt til óeðlilegra áhrifa einstakra aðila, veitt þeim ávinning á kostnað annarra í sömu stöðu og skekkt samkeppni. Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða komu að undirbúningi og gerð laga um fiskeldi þar sem þeir voru leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra.

Stefnumótunarhópurinn

Seinnihluta ársins 2016 var stofnaður hópur til að vinna að stefnumótun fyrir fiskeldi með fulltrúum opinberra stofnana, fiskeldis og veiðifélaga. Afrakstur vinnu stefnumótunarhópsins er Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem gefin var út 23. ágúst 2017. Fiskeldisfrumvarpið sem var lagt fram á Alþingi Íslendinga vorið 2018 og aftur vorið 2019 tekur mið að þeim tillögum og hugmyndafræði sem lagt var upp með í stefnumótunarskýrslunni. Í starfshópnum var þröngur hópur



Valdimar Ingi Gunnarsson

hagsmunaaðila sem vann fyrst og fremst að því að tryggja sína sérhagsmuni, ásamt opinberum aðilum sem ekki voru að vinna sína heimavinnu. Það er því sérstök ástæða til að skoða hverjir voru í stefnumótunarhópnum og framlag einstakra fulltrúa í vinnunni.

Fulltrúar laxeldisfyrirtækja

Fulltrúar Landsambands fiskeldisstöðva í stefnumótunarhópnum voru stjórnarformenn tveggja stærstu laxeldisfyrirtækjanna með u.þ.b. 70% eldissvæða og höfðu mikilla fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Fyrirtæki stjórnarformanna voru búin að koma leyfisveitingarkerfinu í uppnám með stórvægilegu „landnámi“ á strandsvæðum og nú var verkefnið að tryggja áfram þeirra stöðu með miklum væntingum um fjárhagslegan ávinning. Niðurstaðan er einnig að stefnumótunarskýrslan ber þess einkenni að verið er að verja hagsmuni laxeldisfyrirtækja í meirihlutaeigu erlendra aðila á kostnað fyrirtækja í eigu íslenskra aðila. Aðkoma erlendra aðila er að mörgu leyti jákvæð og verður fjallað um það seinna. Aðrir rekstraraðilar höfðu sent inn og unnið mikla undirbúningsvinnu um að fá heimildir til eldis laxfiska í

» Stjórnarformenn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða voru leiðandi við hönnun á leikreglum, skjalfest í lögum, sjálfum sér og sínum fyrirtækjum til fjárhagslegs ávinnings á kostnað annarra.

sjúkvíum. Fulltrúa landsambandsins í stefnumótunarhópnum er því vart hægt að kalla fulltrúa allrar atvinnugreinarinnar.

Fulltrúi veiðirettareigenda

Á Vestfjörðum eru fjölmörg litil veiðivötn sem eru í eigu aðila sem ekki eru í Landsambandi veiðifélaga. Um er að ræða veiðivötn í nálægð við eldissvæði og eru í raun í mestri hættu við erfðablöndun eins og þegar hefur mælst á sunnanverðum Vestfjörðum. Miðað við til-

lögur í stefnumótunarskýrslunni var aðeins hugað að stærri veiðivötnum sem tilheyra félögum í Landsambandi veiðifélaga. Það er verið að verja stærri veiðivötn og fórna minni veiðivötnum og því ekki að ástæðulausu að veiðirettareigendur utan Landsambands veiðifélaga hafi verið ósáttir og ekki samstiga sambandinu í sínum mállutningi við afgreiðslu málsins á Alþingi Íslendinga. Fulltrúi Landsambands veiðifélaga í stefnumótunarhópnum er því vart talsmaður allra eigenda veiðivatna.

Fulltrúar stjórnsýslunnar

Við skipan fulltrúa ráðuneyta í stefnumótunarhópnum gekur athygli almennt lítil þekking á málefnum fiskeldis. Enda ber skýrsla stefnumótunarhópsins þess glögg merki. Þegar skoðaður eru tillögur stefnumótunarhópsins er ekki að sjá að fulltrúar ráðuneyta hafi sett sig mikið inn í málin. Í vinnunni hafa hagsmunaaðilar ráðið för og fulltrúar frá ráðuneytum ekki unnið sína heimavinnu. Það gekur athygli að niður-

staðan er að Íslendingar standa að baki nágrannalöndum í opinberri umgjörð stjórnsýslu fyrir umhverfismál laxeldis er varðar a.m.k. erfðablöndun, laxalús og heilbrigðismál, þrátt fyrir setu opinberra starfsmanna í starfshópnum m.a. með fulltrúa frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Þessi staða er óheppileg fyrir atvinnugreinina.

Afmörkun stefnumótunarhópsins

Við lestur stefnumótunarskýrslunnar má greina að fulltrúar Landsambands fiskeldisstöðva í stefnumótunarhópnum, hafi ráðið för við að verja sína sérhagsmuni. Megináhersla var lögð á laxeldi í sjúkvíum og lítil áhersla á landeldi og eldi annarra tegunda. Áhersla t.d. á ófrjóan lax frekar en regnbogasilung virðist vera sú að gera stærri laxeldisfyrirtækjunum kleift að „helga sér svæði“ jafnvel án nýtingar í ákveðin tíma, með von um að endurskoðað áhættumat erfðablöndunar gefi rýmri heimildir fyrir eldi á frjóum laxi og þannig geti viðkomandi aðilar fengið breytt sínum leyfum til aukningar heimilda til eldis á frjóum laxi. Betur verður fjallað um einstaka þætti sem nefndir eru hér að ofan síðar.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og hefur m.a. unnið við ýmis mál tengd fiskeldi í rúm þrjátíu ár.